

AUGLÝSING
um staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá
nr. 720/2012 fyrir sjálfseignarstofnunina Skálatúnsheimilið.

Stjórn sjóðsins hefur samþykkt eftirfarandi breytingu á skipulagsskrá sjóðsins:

Nafnbreyting á skipulagsskrá Skálatúnsheimilisins.

Nafn stofnunarinnar verður nú Skálatún. Þar sem nafnið kemur fyrir í skipulagsskránni kemur nú nafnið Skálatún.

3. gr. orðist svo:

Markmið Skálatúns er að þjónusta fólk með þroskahömlun sem þörf er fyrir hverju sinni. Þjónusta í formi búsetu, dagþjónustu, rekstrar, vinnustofu, hvíldarinnlagna og skammtíavistana fyrir fólk með fötlun.

4. gr. orðist svo:

Stofnandi Skálatúns þann 30. janúar 1954 var Góðtemplarareglan IOGT (þá hét heimilið Barnaheimili templara). Árið 1958 kom Styrktarfélag vangefinna (nú Ás styrktarfélag) til samstarfs sem 50% aðili að Skálatúni, en samkvæmt eldri skipulagsskrá tilnefndi landlæknir formann stjórnar. Ás styrktarfélag hefur nú sagt sig frá rekstri Skálatúns.

6. gr. orðist svo:

Stjórn Skálatúns skipa 5 menn til 4 ára í senn. Bindindissamtökin IOGT á Íslandi tilnefna 4 stjórnarmenn og 2 til vara. Mosfellsbær skipar formann stjórnar. Stjórnarmenn skulu ekki sitja í stjórn lengur en 12 ár.

Breytingar þessar öðlist gildi við birtingu.

Ofangreind breyting á skipulagsskrá fyrir Skálatúnsheimilið, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra, 20. september 2016.

Bjarni Stefánsson.

Auður Steingrimsdóttir.